

Fjárfestingafélagið Hvammur ehf.
Ársreikningur 2024

Óendurskoðaður ársreikningur
Fjárfestingafélagið Hvammur ehf.
Miðbraut 11
370 Búðardalur
Kt. 440402-2670

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar	3
Áritun endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Éfnahagsreikningur	6
Sjóðstreymisyfirlit	7
Skýringar	8

Skýrsla og áritun stjórnar

Starfsemi félagsins er að efla og styðja við uppbyggingu atvinnulífs á starfsemi svæðisins.

Rekstur ársins 2024 og framtíðarhorfur

Rekstrartekjur félagsins námu 2,8 millj. kr. á árinu 2024 og hækkuðu um 1,7 millj. kr. milli ára eða um 151%. Tap félagsins á árinu 2024 nam 0,1 millj. kr.

Eigið fé félagsins í árslok nam 30,3 millj. kr. (2023: 25,1 millj. kr.) að meðtöldu hlutafé félagsins að fjárhæð 33,8 millj. kr. Óheimilt er að úthluta arði til hluthafa á árinu 2025, en vísað er til ársreikningsins um jöfnun taps og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Vinna við gerð heimasíðu hélt áfram á árinu 2024 og var hún sett í loftið 11. september 2024. Samhliða gerð heimasíðu var þróuð fjárfestingarstefna. Jafnframt er nú komin í gagnið umsóknargátt Fjárfestingarfélagsins Hvamms þar sem hægt er að sækja um styrk eða fjárfestingu beint af heimasíðunni.

Ægisbraut 4b var seld á árinu 2024 og var það liður í áframhaldandi uppbyggingafasa hjá félaginu.

Frá byrjun árs 2024 hefur formaður verið meðlimur í starfshópi um uppbyggingu atvinnuhúsnæðis í Dalabyggð. Sú vinna mun halda áfram fram á árið 2025.

Einu launagreiðslur félagsins á árinu 2024 eru í tengslum við stjórnarsetu.

Hluthafar í árslok voru tveir líkt og í ársbyrjun. Í árslok 2024 var hlutafé í eigu eftirtalinna aðila:

	Eignarhluti
Dalabyggð	60,01%
Byggðastofnun	39,99%

Stjórn Fjárfestingafélagsins Hvamms ehf. hefur í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2024 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn leggur til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Búðardal, 5. júní 2025

Stjórn:

Jugibjörg Þ. Steinuðóttir
Gætur Þreys Vilhjartsson

Áritun endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Fjárfestingafélaginu Hvammi ehf.

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings Fjárfestingafélagsins Hvamms ehf. fyrir árið 2024 byggt á þeim upplýsingum sem stjórn félagsins hefur lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu og áritun stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRS 4410, sem fjallar um aðstoð við gerð ársreiknings.

Við höfum notað sérfræðipækkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar til að aðstoða félagið við að leggja fram ársreikning í samræmi við lög um ársreikninga. Við höfum fylgt fyrirmælum siðareglna, þar á meðal grundvallarreglunum um heilindi, hlutlægni, faglega hæfni og varkárni.

Stjórn er ábyrg fyrir ársreikningnum og nákvæmni og heild þeirra upplýsinga sem hann byggir á.

Þar sem aðstoð við gerð ársreiknings felur ekki í sér staðfestingavinnu er þess ekki krafist að við staðfestum nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórn hefur lagt fram. Við höfum hvorki endurskoðað né kannað ársreikninginn og látum því ekki í ljós álit á honum.

Borgarnesi, 5. júní 2025

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur árið 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrartekjur			
Húsaleiga		2.759.750	1.100.000
		<u>2.759.750</u>	<u>1.100.000</u>
Rekstrargjöld			
Rekstur húsnæðis		934.070	351.066
Laun og launatengd gjöld	8	831.113	446.238
Annar rekstrarkostnaður		826.582	817.438
Afskriftir	9	420.000	315.574
		<u>3.011.765</u>	<u>1.930.316</u>
Rekstrartap fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(	252.015)	(830.316)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur		1.584.101	1.150.912
Vaxtagjöld	(	1.399.464)	(569.334)
		<u>184.637</u>	<u>581.578</u>
Tap ársins	12	<u>(67.378)</u>	<u>(248.738)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr.	2024	2023
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	9	13.335.000	14.416.955
Eignarhlutir í öðrum félögum	10	2.500.000	2.500.000
Fastafjármunir		<u>15.835.000</u>	<u>16.916.955</u>
Viðskiptakröfur		9.995	3.885.774
Aðrar skammtímakröfur		471.529	414.344
Handbært fé		<u>25.365.302</u>	<u>13.918.461</u>
Veltufjármunir		25.846.826	18.218.579
Eignir samtals		<u>41.681.826</u>	<u>35.135.534</u>
Eigið fé			
Hlutfé	11	33.781.104	28.581.104
Ójafnað eigið fé		(3.512.948)	(3.445.570)
Eigið fé	12	<u>30.268.156</u>	<u>25.135.534</u>
Skuldir			
Skuldir við lánastofnanir		10.265.625	0
Langtímaskuldir		<u>10.265.625</u>	<u>0</u>
Næsta árs afborganir langtímaskulda		562.500	0
Viðskiptaskuldir		237.625	0
Skuldir við tengda aðila	14	0	10.000.000
Aðrar skammtímaskuldir		<u>347.920</u>	<u>0</u>
Skammtímaskuldir		<u>1.148.045</u>	<u>10.000.000</u>
Skuldir samtals		11.413.670	10.000.000
Eigið fé og skuldir samtals		<u>41.681.826</u>	<u>35.135.534</u>

Sjóðstreymisyfirlit árið 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrarhreyfingar			
Tap ársins	12 (	67.378)	(248.738)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Sölutap varanlegra rekstrarfjármuna		511.954	0
Afskriftir	9	420.000	315.574
Veltufé frá rekstri		864.576	66.836
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, lækkun		3.818.594	394.073
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)		585.545 (	3.270.781)
Breytingar rekstartengdra eigna og skulda		4.404.139 (	2.876.708)
Handbært fé frá (til) rekstrar		5.268.715 (	2.809.872)
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	9	0 (	14.000.000)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		150.000	0
Fjárfestingarhreyfingar		150.000 (	14.000.000)
Fjármögnunarhreyfingar			
Innborgað hlutafé	12	5.200.000	0
Tekin ný langtímalán		11.250.000	0
Afborganir langtímaskulda	(	421.875)	0
Skuldir við tengda aðila, breyting	(	10.000.000)	9.784.800
Fjármögnunarhreyfingar		6.028.125	9.784.800
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		11.446.840 (	7.025.072)
Handbært fé í ársbyrjun		13.918.461	20.943.533
Handbært fé í árslok		25.365.302	13.918.461

Skýringar

1. Félagið

Fjárfestingafélagið Hvammur ehf. („Félagið“) er íslenskt einkahlutafélag og er lögheimili þess að Miðbraut 11 í Búðardal. Starfsemi félagsins felst í að efla og styðja við uppbyggingu atvinnulífs á starfsemi svæðisins.

Reikningsskilaaðferðir

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

3. Innlausn tekna

Tekjur af vörusölu eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarhald flyst til kaupanda, sem alla jafna er við afhendingu vara. Tekjur af þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu verks á uppgjörsdegi. Staða verks er metin með hliðsjón af vinnu sem lokið er. Leigutekjur eru færðar í samræmi við leigusamninga fasteigna. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra, tengdan kostnað eða að vörunni verði mögulega skilað.

4. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteignir 33 ár

5. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum sem skráð eru á hlutabréfamarkaði, eru færðir til eignar á gangverði, þ.e. síðasta viðskiptaverði ársins. Gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning. Óinnleystar gangvirðisbreytingar eru færðar á gangvirðisreikning á meðal eigin fjár. Eignarhlutir í öðrum félögum sem ekki eru skráð á hlutabréfamarkaði eru færðir á kostnaðarverði, að frádreginni virðisrýrnun, ef við á.

6. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapsáhættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi. Ekki er um neinar niðurfærslur að ræða á árinu 2024.

7. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum.

8. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2024	2023
Laun	700.000	376.000
Mótframlag í lífeyrissjóð	81.200	43.240
Önnur launatengd gjöld	49.913	26.998
Laun og launatengd gjöld samtals	831.113	446.238

Skýringar

9. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir félagsins greinast þannig:

	Fasteignir
Heildarverð 1.1.2023.....	2.352.468
Viðbót á árinu	14.000.000
Heildarverð 31.12.2023.....	16.352.468
Selt á árinu	(2.352.468)
Heildarverð 31.12.2024.....	14.000.000
Afskrifað samtals 1.1.2023.....	1.619.940
Afskriftir ársins	315.574
Afskrifað samtals 31.12.2023.....	1.935.513
Afskriftir færðar út við sölu	(1.690.514)
Afskriftir ársins	420.000
Afskrifað samtals 31.12.2024.....	664.999
Bókfært verð 31.12.2023.....	14.416.955
Bókfært verð 31.12.2024.....	13.335.000
Afskriftahlutföll	3%

Fasteignamat og vátryggingarverðmæti

Fasteignamat og vátryggingarverðmæti greinist þannig:

	Fasteigna- mat	Brunabóta- mat	Vátryggingar- verðmæti
Fasteignir	7.800.000	50.550.000	50.214.000
Samtals	7.800.000	50.550.000	50.214.000

10. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum greinast þannig:

	2024		2023	
	Eignarhlutur	Bókfært verð	Eignarhlutur	Bókfært verð
Galdur Brugghús ehf., Hólmavík	4,2%	2.500.000	4,2%	2.500.000
		2.500.000		2.500.000

11. Hlutfé

Heildarhlutfé samkvæmt samþykktum félagsins er 33,8 millj. kr. og fylgir eitt atkvæði hverjum einnar krónu hlut.

Skýringar

12. Yfirlit eiginfjárreikninga

	Hlutfé	Ójafnað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2023	28.581.104	(3.196.832)	25.384.272
Tap ársins		(248.738)	(248.738)
Eigið fé 31.12.2023	28.581.104	(3.445.570)	25.135.534
Innborgað hlutfé	5.200.000		5.200.000
Tap ársins		(67.378)	(67.378)
Eigið fé 31.12.2023	33.781.104	(3.512.948)	30.268.156

13. Yfirfæranlegt skattalegt tap

Ójafnað skattalegt tap í árslok 2024 nam 29,6 millj. kr. Yfirfæranlegt skattalegt tap sem ekki nýstist á móti hagnaði innan tíu ára frá því að það myndast fellur niður. Yfirfæranlegt skattalegt tap í árslok 2024 er nýtanlegt sem hér segir:

	2024	2023
Skattalegt tap ársins 2014, nýtanlegt til ársloka 2024	0	3.370.088
Skattalegt tap ársins 2015, nýtanlegt til ársloka 2025	2.038.068	2.038.068
Skattalegt tap ársins 2016, nýtanlegt til ársloka 2026	1.348.818	1.348.818
Skattalegt tap ársins 2017, nýtanlegt til ársloka 2027	1.639.840	1.639.840
Skattalegt tap ársins 2018, nýtanlegt til ársloka 2028	2.384.322	2.384.322
Skattalegt tap ársins 2019, nýtanlegt til ársloka 2029	1.298.181	1.298.181
Skattalegt tap ársins 2020, nýtanlegt til ársloka 2030	2.600.000	2.600.000
Skattalegt tap ársins 2021, nýtanlegt til ársloka 2031	5.772.399	5.772.399
Skattalegt tap ársins 2022, nýtanlegt til ársloka 2032	11.719.576	11.719.576
Skattalegt tap ársins 2023, nýtanlegt til ársloka 2033	752.964	752.964
Skattalegt tap ársins 2024, nýtanlegt til ársloka 2034	39.096	0
Ójafnað skattalegt tap samtals	29.593.264	32.924.256

14. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. sveitarfélagið Dalabyggð, aðrir hluthafar með yfirráð eða veruleg áhrif, stjórnarmenn, lykilstarfsmenn og fjölskyldur þeirra sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélag og samrekstrarfélag. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Sundurliðanir

	2024	2023
Rekstur húsnæðis		
Fasteignagjöld	295.689	211.796
Vátryggingar	126.426	75.617
Rafmagn og heitt vatn	0	63.653
Tap af sölu fasteignar	511.955	0
	<u>934.070</u>	<u>351.066</u>
Laun og launatengd gjöld		
Laun	700.000	376.000
Lífeyrissjóður	81.200	43.240
Sjóðagjöld	0	376
Tryggingagjald	49.913	26.622
	<u>831.113</u>	<u>446.238</u>
Annar rekstrarkostnaður		
Sérfræðiaðstoð	517.245	671.422
Útvarpsgjald	20.900	20.200
Annar kostnaður	288.437	125.816
	<u>826.582</u>	<u>817.438</u>

KPMG ehf.
Bjarnarbraut 8
310 Borgarnesi

Búðardal, 5. júní 2025

Staðfestingarbréf þetta er skrifað í tengslum við aðstoð KPMG við gerð ársreiknings Fjárfestingafélagsins Hvamms ehf. fyrir árið 2024 í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga nr. 3/2006.


Við staðfestum að okkur er kunnugt um ábyrgð okkar á að gerð og glögg framsetning ársreikningsins sé í samræmi við lög um ársreikninga. Sú ábyrgð felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti, eftir því sem við verður komið, sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður. Við staðfestum að við höfum yfirfarið ársreikninginn og staðfestum að allar upplýsingar er varðar rekstur félagsins á árinu 2024 og efnahag þess í lok árs 2024 ásamt upplýsingum í skýrslu stjórnar séu viðeigandi og fullnægjandi. Við samþykkjum ársreikninginn.

Jafnframt staðfestum við eftirfarandi:

- Við höfum afhent ykkur öll gögn sem nauðsynleg eru til að gera ársreikning fyrir félagið í samræmi við lög.
- Ekki er um að ræða aðrar kröfur eða skuldbindingar sem færa skal í ársreikninginn og engar aðrar hugsanlegar kröfur, hugsanlegar eignir eða hugsanlegar skuldbindingar sem færa skal í ársreikninginn lögum samkvæmt.
- Við staðfestum að við höfum veitt ykkur allar upplýsingar um tengda aðila eins og þeir eru skilgreindir í lögum um ársreikninga nr. 3/2006 og staðfestum að öll veruleg viðskipti við tengda aðila koma fram í ársreikningnum.
- Það hafa ekki komið upp nein raunveruleg eða hugsanleg álitamál um brot á lögum eða reglum né sviksemi sem leitt gæti til atburða sem hefðu veruleg áhrif á ársreikning félagsins.
- Það hafa engir atburðir gerst eftir uppgjörsdag sem ber að færa í ársreikninginn eða skýra frá.
- KPMG hefur farið yfir ársreikning 2024 með okkur og samþykkjum við að KPMG sendi ársreikninginn til ársreikningaskrár Skattsins. Jafnframt hefur KPMG farið yfir með okkur skattframtal vegna ársins 2024. Við staðfestum að stjórnendur félagsins eru ábyrgir fyrir því að þær upplýsingar og fjárhæðir sem fram koma á skattframtali þess séu réttar samkvæmt okkar bestu vitund. Við skiljum að ófullnægjandi eða röng upplýsingagjöf á skattframtali getur haft í för með sér álagsbeitingu eða refsingu. Við heimilum KPMG að senda skattframtalið til Skattsins.

Virðingarfyllt,

Fjárfestingafélagið Hvammur ehf.



Ingibjörg Þórunna Steinudóttir, stjórnarformaður